



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701  
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1390  
komudagur 17.3.2004

Reykjavík, 15. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984 um Þjónustu- og endurhæfingarstöð blindra og sjónskertra, með síðari breytingum.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1984 um Þjónustu- og endurhæfingarstöð blindra og sjónskertra, með síðari breytingum, þskj 100, 100. mál, flm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Öryrkjabandalag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu. Bandalagið minnir einnig á umsögn sína frá 31. maí 2002 þar sem fram kemur m.a. sú skoðun bandalagsins að endurgreiða beri 75% öryrkjum kostnað vegna gleraugnakaupa. Ákvæði frumvarpsins um endurgreiðslu á gleraugum í lækningaskyni eru að mati bandalagsins of ónákvæm.

Bandalagið mælir frekar með því að lög um Sjónstöð Íslands verði tekin til heildarendurskoðunar og bendir á að stöðin getur gegnt lykilhlutverki í að tryggja blindum, sjónskertum og lesblindum aðgengi að upplýsingasamfélagi nútímans.

Virðingarfyllt,

*Arnpór Helgason*

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri